

FW: Viðhorfskönnun um stafræn samstarfsverkefni sveitarfélaga og niðurstaða greiningar um stafræna stöðu sveitarfélaga.

**Til** : Bryndís Ósk Jónsdóttir  
**Frá** : Birgir Gunnarsson  
**Heiti** : FW: Viðhorfskönnun um stafræn samstarfsverkefni sveitarfélaga og niðurstaða greiningar um stafræna stöðu sveitarfélaga.  
**Málsnúmer** : 2021010033  
**Málsaðili** : Samband Íslenskra sveitarfélaga  
**Skráð dags** : 25.06.2021 12:20:37  
**Höfundur** : Birgir Gunnarsson

Viðhengi [Ísafjarðarbær.pdf](#)[Ísafjarðarbær.pdf](#)  
[image001.gif](#)[image001.gif](#)

Kynnum þetta fyrir bæjarráði og tökum á dagskrá næsta sviðsstjórafundar.

Kær kveðja,

**Birgir Gunnarsson bæjarstjóri**

450 8024 – 897 3464 - [birgir@isafjordur.is](mailto:birgir@isafjordur.is)

---

**From:** Steinar Aron Stefánsson [mailto:steinar.aron.stefansson@samband.is]

**Sent:** föstudagur, 25. júní 2021 12:13

**To:** Ísafjarðarbær ; Birgir Gunnarsson ; Fjóla María Ágústsdóttir

**Subject:** Viðhorfskönnun um stafræn samstarfsverkefni sveitarfélaga og niðurstaða greiningar um stafræna stöðu sveitarfélaga.

Til framkvæmdastjóra sveitarfélags

Næstum öll sveitarfélög landsins hafa samþykkt að vinna saman að stafrænni umbreytingu. Stafrænt þróunarteymi, með þremur starfsmönnum, tók til starfa hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga nú í júní. Það mun vinna að framkvæmd stafrænna samstarfsverkefna sveitarfélaga í samvinnu við stafrænt ráð sem er skipað fulltrúum sveitarfélaga úr hverjum landshluta. Faghópur um stafræna umbreytingu, skipaður sérfræðingum sveitarfélaga í stafrænum málum, er stafræna ráðinu og teyminu til ráðgjafar. Fjárveiting fékkst af Covid peningum ríkisstjórnarinnar til að fara af stað í brautryðjendaverkefni um stafræna umsóknarferla fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Nú er komið að því að undirbúa ákvörðunartöku um samstarfsverkefni næstu ára. Mikilvægt er að greina á frumstigi þeirrar vinnu að hvers konar samstarfsverkefnum þarfir og áhugi sveitarfélaga beinist í megindráttum. Verkefnahugmyndir, sem fá mest fylgi, munu verða settar í nákvæmt ávinnings- og kostnaðarmat og endanleg ákvörðun um samstarfsverkefni verður tekin út frá þeim niðurstöðum.

Verkefnahugmyndirnar sem hér eru settar fram byggja á greiningu á stafrænni stöðu sveitarfélaga frá því í fyrra, tillögum áðurnefnds faghóps sveitarfélaga og eru afrakstur Nýsköpunarmóts 2021 um samstarf opinberra aðila og einkaaðila.

**Verkefnahugmyndirnar eru 56 talsins** í fimm flokkum. Sveitarfélög geta bætt við hugmyndum. Hvert sveitarfélag getur valið að **hámarki þrjár verkefnahugmyndir** í hverjum flokki. Allt kapp verður lagt á að ljúka ávinnings- og kostnaðarmati fyrir næstu samstarfsverkefni fyrir fjárhagsáætlunarvinnu sveitarfélaga í haust. Til að það takist er mikilvægt að svör berist fljótt og vel **og ekki síðar en 12. ágúst**.

Lagt er til að **framkvæmdastjóri sveitarfélags fari yfir verkefnahugmyndirnar með völdum starfsmönnum sínum**. Hlekkir eru á könnunina og á heildarniðurstöðu greiningar. Fylgiskjal með þessum pósti er samantekt úr greiningu á stafrænni stöðu sveitarfélagsins frá því í fyrra og á heildarniðurstöðu þess mats, hafi þitt sveitarfélag tekið þátt.

Hlekkur á könnun: <https://samvinna-sveitarfelaga.betraisland.is/>

Hlekkur á greiningar samantekt á heimasíðu samstarfs stafrænnar framþróunar sveitarfélaga:  
<https://stafraent.sveitarfelog.is/frettir/faernimat-og-kerfi-sveitarfelaga/>

Fylgigögn: Greining á stafrænni stöðu sveitarfélags

Bestu kveðjur,

F.h. stafræns þróunarteymis sveitarfélaganna

Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þróunar



**Steinar Aron Stefánsson**

ritari

Beint innval: 515 4939

Netfang: [Steinar.aron.stefansson@samband.is](mailto:Steinar.aron.stefansson@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.